

84. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar þriðjudaginn 1. ágúst 2006, kl. 18:00.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Guðmundur Kristinsson, Björgvin Ólafsson, Berglind Lilja Þorbergsdóttir, Þorbergur Bæringsson, Magnús A. Sigurðsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Gunnlaugur Valdimarsson Austurgötu 5 sækir um að byggja við húsið samkvæmt teikningum frá AL hönnun ehf. dags. 20.05.06. Samtals 21,5 m², 58,5 m³. Erindið var í grenndarkynningu frá 26. júní til og með 24. júlí 2006. Athugasemd barst frá Gunnari Gunnarssyni og Ágústínu Guðmundsdóttur Austurgötu 9.
Umsókn um byggingarleyfi samþykkt. Gjöld samtals kr.
2. Deiliskipulag af Víkursvæði. Tillaga ásamt umsögn VST á umferð dags. 20.07.06. lögð fram.
Mælt er með að fallið verði frá aðkomu bíla í hverfið við Borgarhlíð samkvæmt tillögu og að tillit verði tekið til athugasemda VST.
3. Deiliskipulagstillaga við Borg Skúlagötu. Tillaga lögð fram.
Tillaga T5 lögð fram til kynningar.
4. Erla Friðriksdóttir f.h. Stykkishólmsbæjar sækir um niðurrif á Aðalgötu 6a (gömlu slökkvistöðina).
Niðurrif á Aðalgötu 6a gömlu slökkvistöðinni er í samræmi við miðbæjarskipulag. Erindi samþykkt.
5. Lagt fram bréf frá Daða Heiðari Sigurþórssyni og Hjálmdísi Berglinði Bergmannsdóttur um afturköllun á umsókn um byggingarleyfi við Reitarveg nr. 4 frá 21. júní 2006.
Erindi samþykkt.
6. Hólmgeir S. Þorsteinsson Aðalgötu 14 sækir um leyfi til að byggja stiga frá svölum niður á sólpall og geymslu undir svölum ásamt sólpalli og skjólgirðingu sbr. bréf og teikningar dags. 31.07.2006.
Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið. Gjöld samtals kr. 3000.-

7. Fyrirspurn frá Skipavík ehf./Sævari Harðarsyni um að byggja 6 íbúða raðhús við Laufásveg 33-43 sbr. teikningu dags. 20.06.06.

Fyrirspurn er í samræmi við gildandi skipulag.

Bókun nefndar: Nefndin leggur til að gildandi deiliskipulag af miðbæ verði endurskoðað vegna mikils umferðarþunga og bílastæðavanda sem skapast hefur við núverandi nýtingu hússins við Laufásveg nr. 21-31, sem mun aukast við byggingu húss nr. 33-43. Athugað verði með aðkomu að húsunum Borgarbrautarmegin.

8. Önnur mál.

8.a. Nefndin ítrekar fyrri samþykkt frá 5. september 2005, um aðgerðir til að draga úr hraða farartækja inn í bæinn.

Fleira var ekki rætt fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:10.

Ásgeir Gunnar Jónsson (sign)
Guðmundur Kristinsson (sign)
Björgvin Ólafsson (sign)
Berglind Lilja Þorbergsdóttir (sign)
Þorbergur Bæringsson (sign)
Magnús A. Sigurðsson (sign)
Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir (sign)

